


Reykjavík, 4. október 2017

B.t. Skólanefndar*

Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) hefur miklar áhyggjur af stöðu barna í leikskólum, meðal annars vegna of lítills rýmis, fjölda barna í hóp og lengd dvalartíma eins og niðurstöður skýrslu OECD „Starting strong“ sýnir (http://www.oecd-ilibrary.org/education/starting-strong-2017_9789264276116-en).

Samkvæmt skýrslu OECD eigum við met hér á landi í dvalartíma nemenda okkar, bæði í klukkutímum á dag og fjölda daga á ári.

Myndin hér að neðan sýnir þróun dvalartíma 1998 – 2016 (tölur frá Hagstofu Íslands).



Árið 1998 voru 40,3% nemenda með 8 klst. eða lengri dvalartíma en árið 2016 var þessi hópur 87,3%.

Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) sendi frá sér ályktun um stöðu leikskólabarna eftir fund sinn 28. – 29. september 2017. Hún er nú send á skólanefndir sveitarfélaga til umfjöllunar. FSL lýsir sig reiðubúið til viðræðna og til ráðgjafar til að bæta starfsaðstæður nemenda okkar.

Virðingarfyllt,
Sigurður Sigurjónsson, starfandi formaður FSL
sigurdur@ki.is

**Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrælsi og tillögurétt. Þessu til viðbótar koma verkefni nefndarinnar til tals í greinum 11, 14, 28 og 30 í lögum um leikskóla.*